

## **74. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 25. mars 2019**

**Mætt eru: Halldóra Konráðsdóttir, Berglind Ósk Óðinsdóttir, Ómar Valur Steindórsson og undirritaður.**

### **1. Ástand Norðurgötu rætt:**

- 1.1. Hverfisnefnd telur, að algjörar yfirhalningar sé þörf á götunni- sér í lagi syðsta hluta hennar sunnan Eiðsvallagötu- frá lögnum (skólpi, o.s.frv.) og upp úr (klæðning, undirlag) auk þess sem ljósastaurar eru komnir á endurnýjun. Um leið mætti huga betur að merkingum og hraðahindrunum í götunni. Fyrrgreindur syðsti hluti götunnar er afar þröngur, talið heppilegt að hafa einstefnu milli Eiðsvallagötu og Strandgötu.
- 1.2. Hverfisnefnd leikur forvitni á að vita, hvort einhverjar endurnýjunarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir við Norðurgötu séu fyrirhugaðar eða á teikniborðinu. Ef svo er ekki, hefur nefnd ýmsar hugmyndir um útfærslu þeirra og myndi þiggja með þökkum fundarboð til undirbúnings slíkrar vinnu.

### **2. Loftgæði:**

- 2.1. Huga mætti frekar að loftgæðum á Oddeyrinni, t.d. koma upp einföldum loftgæðamælum við Iðavöll, Oddeyrarskóla eða Strandgötu. Þá væri t.d. hægt að hlífa börnum við útiveru þá daga sem loftgæði mælast slæm og senda vatnsbíl og sóp ef aðstæður leyfa (frostlaust). Mælir er staðsettur á mótum Glerárgötu-Borgarbrautar og er það vel og þakkarvert. Hverfið er umlukt þungum umferðargötum á alla kanta, og ekki batnar það að sumarlagi þegar allt að fjögur skemmtiferðaskip spúa útblæstri yfir hverfið (sjá nánar næsta lið )
- 2.2. Hverfisnefnd vill grennslast fyrir um, hvort raunhæft sé á næstu árum að tengja skemmtiferðaskip við landrafmagn. Á lognkyrrum sumardögum liggur dísil- og svartolíureyfský stundum eins og mistur yfir Oddeyrinni þegar tvö eða þrjú skemmtiferðaskip liggja þar við bryggju.

### **3. Önnur mál**

- 3.1. Endurskoða mætti hönnun hraðahindrunar á Eyrarvegi
- 3.2. Fjölga mætti rusladöllum í hverfinu, setja t.d. upp í götunum og á grænum svæðum.
- 3.3. Skólalóð Oddeyrarskóla mætti að ósekju fá yfirhalningu. Suðvestan megin á henni er t.d. aflagður malbikaður knattspyrnuvöllur sem býður upp á ýmsa möguleika. Þá mætti „lappa upp“ á gangstéttir þar í kring- sér í lagi við Víðivelli.

Á kaffihúsinu Bláu könnunni, Hafnarstræti 96,  
25. mars 2019

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.

